**Námsáætlun fyrir ensku - 8. bekkur**
**skólaárið 2019 – 2020**

**Kennari:** Svavar Herbertsson
**Tímafjöldi:** 4 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið<br>Við lok 8. bekkjar getur nemandi: | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | sýnt fram á að hann skilji skýrt og áheyrilega talað mál,<br>hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum og brugðist við,<br>fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. | Nemendur hlusta á margvísleg verkefni og texta úr námsefninu. | Hlustunarpróf. |
| **Lesskilningur** | lesið sér til gagns auðlesna texta af ýmsum gerðum með algengum orðaforða og unnið úr þeim,<br>fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.<br>lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. | Nemendur lesa fjölbreytta texa og vinna með þá á ýmsan hátt.<br>Nemendur vinna verkefna- og vinnubókavinnu út frá fjölbreyttum texta. | Glósupróf og önnur skilningspróf og verkefni. |
| **Samskipti/frásögn** | tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, | Lögð verður áhersla á það að kennarar og nemendur tali saman á ensku í kennslustundum. Nemendur tjái sig á ensku um upplifanir sínar | Metið verður hvort nemandi taki virkan þátt í munnlegum |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,<br>beitt málinu í hópavinnu og í kennslustundum,<br>undirbúið og flutt kynningu um efni sem tengist náminu, | reglulega. Einnig verða umræðutímar þar sem nemendurgeta skipst á skoðunum og geri sig skiljanlega á ensku. | samskiptum innan bekkjarins á enskri tungu. |
| **Ritun** | tjáð sig um þekkt málefni á vönduðu máli, undirbúið og flutt einfalda kynningu, beitt grunnreglum,<br>málfræði og stafsetningar í ritun einfaldra texta um efni sem hann þekkir<br>nýtt sér fjölbreyttan orðaforða sem unnið hefur verið með,<br>sagt nokkuð lipurlega frá efni sem fjallað hefur verið um,<br>skrifað frumsaminn texta. | Nemendur skrifa setningar og samfelldan texta. Nemendur vinna með ákveðna málfræðiþætti sem skilar sér í ritun.<br><br>Áherslur í málfræði<br>sagnirnar to be og to have í nt. og þt, nútíð sagna,þátíð sagna, aukin áhersla á óreglulegar sagnir, lh. nt. eða present continuous, lh. þt. eða past continuous, framtíð, núliðin tíð, hjálparsögnin do, fleirtala nafnorða, ákveðinn og óákveðinn greinir, persónufornöfn, eignarfornöfn, spurnarfornöfn, ábendingarfornöfn, tilvísunarfornöfn, stigbreyting lýsingarorða, forsetningar, úrfellingarmerki | Ýmis ritunarverkefni eru metin til einkunnar. Einnig eru tekin próf úr ákveðnum málfræðiþáttum |
| **Menningarlæsi** | sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu. | Nemendur kynnast menningarheimi enskumælandi landa í gegn um námsefnið. | Verkefnavinna |
| **Sjálfstæði og samvinna** | unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | komið fram við aðra af virðingu og kurteisi<br>unnið vel og farið eftir fyrirmælum<br>gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi | | |
| **Námsgögn:**<br>Spotlight 8 Textbook<br>Spotlight 8 Workbook<br>Efni frá kennara<br>Orðabækur<br>Myndmiðlar<br>Veraldarvefurinn | | | |
| **Lokanámsmat:**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D**.** | | | |